

**Nr. 118 / 09 Hringur SH 153*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2685  
Smíðaður: Skotlandi 1997, stál  
Stærð: 271,61 brl. 481,27 bt.  
Mesta lengd: 28,99 m Skráð lengd: 25 m  
Breidd: 9,3 m Dýpt: 7,5 m  
Vél: M.A.K 745 kW, 1997  
Fjöldi skipverja: 9



Hringur©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Lögregluskýrslur  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 26. september 2009 var Hringur SH 153 á togveiðum í Kolluál. Veður: V 15 m/s., talsverður sjór og veltingur.

Skipið var á siglingu eftir að trollið hafði verið tekið en á lítilli ferð. Tveir skipverjar voru að bæta trollið á þilfarinu og sátu við það á skjólbörði á bobbingarennu. Annar þeirra þurfti að standa upp en þá tók skipið mikla veltu með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og kastaðist aftur á bak. Í fallinu lenti hann með hægri öxl og höfuð á skjólbörði rennunnar stjórnborðsmegin.

Í samráði við lækni var skipverjinn settur í fatla og gefin verkjalyf. Skipið kom til hafnar þremur dögum síðar og kom þá í ljós að hann hafði farið úr axlarlið.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var með hjálm og var það mál manna að annars hefði mögulega farið verr.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.